

32

14. marz

5. gr.
Fé sjóðsins skal geyma í tryggri peningastofnun og ávaxta með hæstu vöxtum, sem þar eru fáanlegir. Næstu 10 árin skal engu eyða af fé sjóðsins, hvorki stofnfé né því, er aflazt kann. Þann höfuðstól er þá verður til, má aldrei skerða. Eftir lok ársins 1967 er heimilt að verja $\frac{1}{10}$ hlutum vaxtanna samkvæmt ákvörðun 3. gr. þessarar samþykktar. $\frac{1}{10}$ hluti vaxtanna skal ávallt leggjast við höfuðstólinn.

6. gr.

Aðalfundur kvenfélagsins kys 3 félagskonur í stjórn sjóðsins. Á aðalfundi skal og kjósa 2 endurskoðendur reikninga. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Sjóðstjórnin annast öll störf og framkvæmdir fyrir sjóðinn, og ber ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi kvenfélagsins, er hefur æðsta vald í öllum málefnum sjóðsins.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðaðir reikningar skulu ætíð lagðir fram á aðalfundi kvenfélagsins, rannsakaðir og samþykktir þar.

8. gr.

Sjóðurinn tekur á móti minningargjöfum, er innrita skal í sérstaka bók, ásamt æviágripi þess, sem gjöfin er til minningar um. Æskilegt er, að gjöfunum fylgi mynd.

9. gr.

Hætti kvenfélagið störfum afhendist umsjón sjóðsins sóknarpresti, oddvita og einni konu, innan sveitarfélagsins, sem þeir velja sér til aðstoðar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar stjórnarráðsins á skipulagsskrá þessari.

33

14. marz

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Þingeyrarkauptún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Þingeyrarhöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Þingeyrarodda í Gemlufallsárós, út á miðjan fjörð, síðan af línu er hugsast dregin eftir miðjum firði, í línu er hugsast dregin úr Ásgarðsnesi í oddatána á Höfðaodda.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Þingeyrarhrepps hefur á hendi stjórn hafnarinnar, undir umsjón samgöngumálaráðuneytisins.

3. gr.

Framkvæmd hafnarinnar og eftirlit með höfninni hefur hafnarnefnd. Í hafnarnefnd eiga sæti þrír menn, kosnir til sama tíma og á sama hátt og aðrar fastanefndir,

er hreppsnefndin kýs. Heimilt er að kjósa menn í hafnarnefnd, þótt þeir eigi ekki sæti í hreppsnefndinni.

33
14. marz

4. gr.

Hafnarnefnd skipar hafnarvörð, setur honum starfsreglur og ákveður honum þóknun, að fengnu samþykki hreppsnefndar.

5. gr.

Hafnarvörður annast, í samráði við hafnarnefnd, allar daglegar framkvæmdir, eftirlit og umsjón með bryggjum, áhöldum og öðrum eignum hafnarinnar.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

6. gr.

Hafnarvörður sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni eða þess eða þeirra er hann setur til að gæta reglu. Starfsmenn hafnarinnar skulu hafa einkennisbúning, þegar þeir eru að starfi við höfnina, ef hafnarnefnd krefst þess. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarnefnd, en skipun starfsmannsins bera jafnan að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu jafnan sýna þeim kurteisi, er þeir skipta við.

7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa, eða öðrum störfum, sem þar eru unnin.

8. gr.

Öll veiði með skotum er bönnuð í höfninni.

Bannað er að hleypa af skotvopnum og skjóta flugeldum á höfninni eða landi hennar.

9. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfimt efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í skipinu og á því svæði, sem unnið er að affermingu þess eða fermingu. Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hennar, nema með leyfi hafnarvarðar.

10. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip, né þetta eldri skip, eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarvarðar og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi hafnarvarðar.

11. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúr-gangi né öðru slíku. Skal það flutt þangað, sem hafnarvörður segir til.

IV. KAFLI

Um komu skipa og legu þeirra í höfninni.

12. gr.

Þegar skip kemur í höfnina, skal skipstjóri tafarlaust snúa sér til hafnarskrifstofunnar, sem segir honum hvar skip hans megi liggja. Þó nær ákvæði þetta ekki til mannvirkja einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar að því er bryggju-pláss snertir.

Þegar búið er að leggja skip við festar, má ekki flytja það þaðan án leyfis hafnarvarðar, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarvörður skipar svo fyrir, og það enda þótt byrjað sé að ferma eða afferma skipið, en þá á skipstjóri öðrum fremur heimtingu á, að sér sé vísað á stað, þar sem fermingu eða affermingu er haldið áfram.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skipa, skal jafnan skylt að flytja skipið, ef hafnarvörður krefst þess.

13. gr.

Ekkert skip má liggja við taug (varp) á höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum nema hafnarvörður telji nauðsynlegt. Sérhverft skip, sem ekki er bundið við bryggju eða bólvirki, skal hafa fyrirskipuð ljós uppi á ljósatímanum.

14. gr.

Skip, sem koma inn í höfn, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að leggjast að bryggju eða bólvirki, skal hliðarbátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum sveiflað fyrir borðstokkinn.

15. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggju, nema við festarstólpana eða festahringa að tilvísun hafnarvarðar. Séu landfestar úr járn, skulu þær vera klæddar, þar sem þær hvíla á bólvirkinu eða bryggjunni.

Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki hafnarverði þess ekki nægilega gætt, getur hann krafizt að bætt sé úr því tafarlaust. Skylt er að hafa hlífikefli milli skips og bólvirkis eða bryggju, ef hafnarvörður krefst þess.

16. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða bólvirki. Ekki mega gufuskip hleypta vatni á bryggju eða bólvirki, hvorki við þvott á þilfari, né heldur er þau hleypta burt gufuvatni eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með seglum eða hlífðardúkum, að vatnið fari beint í höfnina, en komist ei á bryggju né bólvirki.

17. gr.

Gufuskip og önnur vélskip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarvirkjunum stafi hætta af því.

18. gr.

Í hverju skipi eða fari (að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlauis í höfninni), skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekur á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmir þær, hvort heldur á að færa skipið, eða gera eitthvað annað samkv. reglugerð þessari.

19. gr.

Hafnarvörður getur krafizt þess, að sérhvert skip, er liggur við festar í höfninni, verði flutt, ef það að álitni hans tálmar umferð inn í höfnina eða úr henni. 14. marz

Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið, eða dragist flutningur þess fram yfir þann tíma, er hafnarvörður hefur tiltekið og fyrirskipað, er honum heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

20. gr.

Ekki má vera að fiskveiðum á höfninni nema með leyfi hafnarvarðar. Beitutaka og seglfestutaka og annað slíkt er bannað í höfninni, nema með leyfi hafnarvarðar.

21. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það að álitni hafnarverðar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er hafnarnefnd heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Um þetta atriði fer að öðru leyti eftir gildandi lögum.

V. KAFLI

Um fermingu og affermingu skipa.

22. gr.

Þegar hafnarvörður hefur ákveðið hvar skip skuli fermt eða affermt, skal verkið hafið í síðasta lagi innan sólarhrings. Verkinu skal haldið áfram alla virka daga ef veður leyfir, unz því er lokið. Ef hlé verður á að nauðsynjalausu, eða sé verkinu ekki lokið innan hæfilegs tíma, ber skipinu að víkja fyrir öðrum skipum, ef hafnarvörður krefst þess.

23. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggju eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilfar hinna á þjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem nær liggja.

24. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip eða af skipi skal hafnarverði gert viðvart. Ákveður hann hvar það skuli fara fram.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðardúka milli skipsins og bólvirkisins, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af lendingarstaðnum, þangað sem hafnarvörður vísar til.

25. gr.

Skylt er farmseiganda að gæta alls þrifnaðar á bryggju og bólvirki við upp- og útskipun. Sé þessu ákvæði ekki framfylgt eftir því sem ástæður leyfa, að dómi hafnarvarðar, getur hann látið hreinsa mannvirki þessi á kostnað farmseiganda. Vöruleifum, umbúðum og öðru rusli má ekki kasta í sjóinn, heldur skal það flutt á stað, sem hafnarvörður ákveður.

33

14. marz

26. gr.

Skip skulu hafa rétt til að leggjast að bryggjum í þeirri röð, sem þau koma, þó skulu skip, sem sigla eftir fyrirfram gerðri og auglýstri áætlun og flytja póst, hafa rétt til að leggjast að bryggju, þó að önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau að víkja burtu, meðan hin fá afgreiðslu.

VI. KAFLI

Um hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

27. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp á ný, né dýpka út frá landi, nema hreppsnefndin veiti eða hafi veitt samþykki sitt til.

Sá, sem gera vill eitthvað slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar, er ákveður hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem hefur fengið leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hættu stafi af því.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki legið ónotað í fimm ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eigandans.

Byggingarleyfi, sem um getur í þessari grein, falla úr gildi, hafi þau ekki verið hagnýtt og verkinu lokið innan tveggja ára frá því að leyfið var veitt.

Ákvæði þetta tekur til allra mannvirkja, sem ekki eru fullgerð, er reglugerð þessi öðlast gildi.

28. gr.

Á hverri bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skulu vera umsjónarmenn, sem hafa á hendi svo viðtæka dagvörzlu og næturvörzlu mannvirkja þessara, sem hafnarnefnd telur nauðsyn á, og skulu umsjónarmenn þessir samþykktir af nefndinni.

Umsjónarmenn þessir skulu ákveða legustað og umbúnað landfesta allra þeirra skipa, sem að mannvirkjunum leggjast, og ber hlutaðeigendum að hlýða boði þeirra og banni, eins og öðrum starfsmönnum hafnarinnar, enda ber þeim að sýna þeim, er þeir skipta við, fulla kurteisi.

Reynist umsjónarmaður slíkra mannvirkja óhæfur til starfsins, svo að ætla megi, að dómi hafnarnefndar, að af ráðstöfunum hans eða vanrækslu geti stafað hættu í höfninni, getur hafnarnefnd svipt hann starfinu og heimtað nýjan umsjónarmann.

29. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrífnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum hafnarnefndar, er hún setur á hverjum tíma, og sem gilda jafnt fyrir allar bryggjur og uppfyllingar innan hafnarinnar.

VII. KAFLI

Um hafnargjöld.

30. gr.

Öll skip 12 rúmlesta og þar yfir, skulu greiða hafnargjöld, er þau koma á Þingeyrarhöfn, og hafa eitthvert samband við land til þess að skila eða taka farþega, vörur o. þ. h.

Undanþegin hafnargjaldi eru herskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini sem **33** skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannasókna og skip, sem leita **14. marz** hafnar vegna óveðurs, en hafa ekkert samband við land.

Hafnargjöld greiðast af nettóstærð skipa og reiknast í heilum tölum, en brotum skal sleppa.

31. gr.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna við höfnina eða hafnarsvæðið og eru skrásett þaðan, skulu greiða hafnargjald einu sinni á ári, þannig, að skip minni en 30 rúmlestir brúttó, greiði kr. 1.50 af nettó rúmlest og skip stærri en 30 rúmlestir brúttó, greiði kr. 1.00 af nettó rúmlest. Minusta hafnargjald er kr. 10.00. Gjald-dagi er 1. nóvember.
- b. Önnur fiskiskip greiða kr. 0.50 af rúmlest hverri, þó aldrei minna en kr. 10.00 og þó ekki oftar en 5 sinnum á ári.
- c. Innlend strandferðaskip greiða í fyrsta sinn á hverju ári kr. 1.00 af rúmlest hverri í hafnargjald, en ekkert þó þau komi oftar á árinu.
- d. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma og hafa samband við land, greiða kr. 0.50 af rúmlest hverri í hvert sinn er þau koma á Þingeyrarhöfn.

32. gr.

Dilskip, sem lagt er við föst legugögn á Þingeyrarhöfn, skulu greiða fyrir það aukalega kr. 15.00 á ári, með gjalddaga 1. nóvember.

Opnir bátar, með eða án vélar, greiði fyrir það kr. 5.00 á ári, með sama gjalddaga.

VIII. KAFLI

1. Um bryggjugjöld.

33. gr.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða að skipi, sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald af nettóstærð skipsins talið í heilum rúmlestum, en brotum skal sleppt. Gjaldið skal greiða fyrir hverjar 24 klst. eða minna.

Varðskip, herskip, skemmtiferða- og rannsóknaskip skulu vera undanþegin bryggjugjaldi.

Gjöldin greiðast sem hér segir:

- a. Af farþega-, póst- og flutningaskipum: Kr. 0.30 af nettó rúmlest.
- b. Af togurum greiðist kr. 0.40 af nettó rúmlest skipsins.
- c. Af öllum öðrum aðkomuskipum greiðist kr. 0.30 af nettó rúmlest skipsins, þó eigi minna en kr. 25.00 í hvert sinn, sé skipið 30 brúttó rúmlestir eða stærra, en kr. 10.00 í hvert sinn af minni skipum.
- d. Bátar heimilisfastir greiða: Bátar 5 rúmlestir brúttó, eða stærri kr. 40.00, bátar, sem eru minni en 5 brúttó rúmlestir kr. 10.00.

Gjalddagi er 1. nóvember ár hvert.

2. Gjald af bryggjum og geymsluskipum einstakra manna og félaga.

Bryggjueigendur greiða ekkert gjald af sínum eigin fiskiskipum, eða öðrum fiskiskipum, meðan þau stunda fiskveiðar frá Þingeyri og leggja upp við bryggjur þeirra.

Flutningskip og önnur gjaldskyld skip, sem leggjast að slíkum bryggjum, greiða í hafnarsjóð hálf bryggjugjald það, sem tilgreint er í 1. tölulið þessarar greinar. Reglur þær, sem greinir í þessum tölulið, gilda einnig um skip þau, er liggja við geymsluskip.

IX. KAFLI

Vörugjald.

34. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum lifandi og dauðum, sem fluttar eru í skip eða í land á höfninni. Þó skal aðeins greiða hálfvörugjald fyrir vörur, sem ákveðnar eru til umhleðslu samkvæmt farmskrá skipsins, og eiga aðeins að leggjast á land um stundarsakir.

35. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta, fluttar úr landi.
- b. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.
- c. Hey, sem íbúar Þingeyrarhrepps hafa aflað eða látið afla.
- d. Nýmjólk og ílát, er henni fylgja.

36. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds, og skal brot úr gjaldeiningu teljast heil gjaldeining. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins er skylt að láta hafnarverði í té eftirrit af farmskrám skipsins, innan sólarhrings eftir komu þess.

Vörugjaldskrá.

37. gr.

1. flokkur: Kol, sement og allar aðrar þungavörur, þurr fiskbein, salt, útlendur áburður, verkaður og óverkaður saltfiskur, beitufiskur, gripahúðir, innflutt járn og matvörur kr. 10.00 hver smálest.
2. flokkur: Frystur fiskur kr. 12.00 hver smálest.
3. flokkur: Olíu-, lýsis- og saltkjötstunnur kr. 2.00 hver.
4. flokkur: Tómar tunnur kr. 1.00 hver.
5. flokkur: Kindaskrokkar kr. 0.50 hver.
6. flokkur: $\frac{1}{2}\%$ af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja hann á landi á Þingeyri.
7. flokkur: Ull kr. 25.00 hver smálest.
8. flokkur: Gærur kr. 0.10 hvert bindi (ca. 7 kg).
9. flokkur: Útfluttar járnvörur kr. 5.00 hver smálest.
Stórgripir og bátar kr. 5.00 fyrir hvern.
Jeppar og fólksbifreiðar kr. 15.00 hver.
Vörubifreiðar (venjul.) kr. 30.00 hver.
10. flokkur: Sauðkindur kr. 1.00 fyrir hverja.
11. flokkur: Timbur kr. 0.10 hvert ten.fet.
12. flokkur: Vefnaðarvörur og aðrar smærri vörur í kössum kr. 15.00 hver smálest.
13. flokkur: Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli kr. 0.15 hvert ten.fet.
14. flokkur: Ýmsar stykkjavörur undir 25 kg kr. 0.25 hvert stykki.
15. flokkur: Olíur á tanka kr. 10.00 hver smálest.

X. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu gjalda.

38. gr.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

39. gr.

Skipstjóri eða formaður bera ábyrgð á greiðslu allra hafnar- og bryggjugjalda, sem innheimta skal samkv. reglugerð þessari. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipi, ber eigandi ábyrgð á greiðslu gjalda þessara. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipinu unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem ekki er í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum þessum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni.

40. gr.

Vörugjald það, er um getur í 34. til 37. gr. greiði eigandi vörunnar eða umboðsmaður hans. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á vörunum unz gjaldið er greitt. Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu gjalds þess er um getur í 34. gr. Sendandi ber ábyrgð á greiðslu gjalds þess af útfluttum vörum, er um getur í 37. gr. Viðtakandi ber ábyrgð á greiðslu gjalds þess, er um getur í 37. gr. af innfluttum vörum.

Auglýstar skipaafgreiðslur skulu standa skil á gjöldum þessum til hafnarsjóðs af vörum þeim, sem um þær fara. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldanna.

Vörugjald fellur í gjalddaga við fermingu eða affermingu vörunnar.

41. gr.

Öll gjöld samkv. reglugerð þessari má taka lögtaki.

XI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

42. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið, um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þrem óvilhóllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal fram fara af fimm óvilhóllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðurinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en nemi 10% af hinni ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

43. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

44. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá 20 til 1000 krónum, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Þingeyrarhrepps.

45. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

- 33** Reglugerð þessi er hér með sett samkv. lögum nr. 29 23. apríl 1946 um hafnar-
 14. marz gerðir og lendingarbætur til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öll-
 um þeim, sem hlut eiga að máli.
 Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð nr. 97 13. september 1935.

Samgöngumálaráðuneytið, 14. marz 1958.

Eysteinn Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

34
 14. marz

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hrísey.

I. KAFLI

1. gr.

Hríseyjarhöfn takmarkast að vestan af línu, er hugsast dregin frá Saltnesi í Hálshorn, eða vestur fram í mitt sund milli eyjar og lands. Að austan af línu, er hugsast dregin frá svo nefndu Eyjarhorni í réttvisandi suður, einnig fram í mitt eyjarsund. Að sunnan takmarkast höfnin af beinni línu, er hugsast dregin milli suðurendapunkta, austur- og vestur-takmarkalínu hafnarinnar.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Stjórn hafnarmálefna er í höndum hreppsnefndar Hríseyjarhrepps, undir yfir-
 umsýjun samgöngumálaráðuneytisins.

3. gr.

Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og ann-
 ast fjárhag hennar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Hafnarnefnd skal skipuð 3 mönnum, er kosnir eru af hreppsnefnd Hríseyjar-
 hrepps og skal einn þeirra vera hreppsnefndarmaður. Nefndin kýs sér sjálf for-
 mann. Hafnarnefnd er kosin til 4 ára.

4. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í sjóð hafnarinnar. Sjóðurinn heitir Hafnarsjóður Hríseyjarhrepps. Sjóði þessum má eingöngu verja í þágu hafnarinnar, svo sem til byggingar og viðhalds hafnarmannvirkja, til kaupa á landi í þarfir hennar, til greiðslu á kostnaði við stjórn hafnarinnar og rekstur, og til greiðslu lána, sem tekin kunna að verða til hafnarframkvæmda. Í nóvember-
 mánuði ár hvert ber hafnarnefnd að semja fjárhagsáætlun hafnarinnar fyrir næsta ár. Fjárhagsáætlunin skal lögð fyrir hreppsnefnd til samþykktar fyrir nóvember-
 mánaðarlok. Hreppsnefndin skal hafa lokið afgreiðslu fjárhagsáætlunar að fullu fyrir 15. des. ár hvert.

Óheimilt er að nota fé hafnarsjóðsins til annars en þarfa hafnarinnar. Aldrei má verja því í þágu hreppsins eða annarra fyrirtækja hans, eða binda það í lánum til þessara aðila.